

Að ná tökum á tilverunni

– ný og endurbætt útgáfa

Einingapróf



NÁMSGAGNASTOFNUN
09771



Að ná tökum á tilverunni – ný og endurbætt útgáfa
Einingapróf

Hluti af Lions-Quest lífsleikniefninu *Að ná tökum á tilverunni*
© Lions Clubs International Foundation, LCIF



Vefútgáfa

Námsgagnastofnun
Reykjavík
2006

Ritstjóri: Aldís Yngvadóttir
Yfirlestur: Þórdís Guðjónsdóttir
Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Inngangur

Námsmat er mikilvægur þáttur í öllu námi og kennslu. Einingaprófin sem hér fara á eftir eru hluti af lífsleikninámsefninu *Að ná tökum á tilverunni*. Þau má nota í þeim tilgangi að meta framfarir nemenda, greina styrkleika og veikleika einstaklinga og hóps og sem lið í að ákveða einkunn nemenda.

Prófin meta þekkingu og færni nemenda hvað varðar meginmarkmið viðkomandi einingar. Samanburður á árangri að loknu forprófi og eftirprófi getur hjálpað til við að meta framfarir nemenda og einnig gefið vísbendingar um áhrif námsefnisins. Forpróf geta einnig gefið upplýsingar um hve miklum tíma ætti að verja til ákveðinna þátta. Próf í lok einingar geta gefið til kynna hvort rífa þurfi upp.

Prófin eru aðeins hluti af því símati sem ætti að fara fram meðan á náminu stendur. Hægt er að leggja ritun, tjáningu, skilning og samskiptafærni til grundvallar við námsmatið. En til að hvetja nemendur til að tjá sig er lagt til að kröfur um réttritun í dagbók séu ekki á kostnað frjálstrar tjáningar. Þetta á einnig við um einingaprófin þar sem lagt er til að áhersla sé á skýra og góða röksemdafærslu fyrir svörum frekar en réttritun og málfærði.

Ýmislegt annað sem gæti legið til grundvallar við námsmat, fyrir utan einingapróf, er þátttaka nemenda í náminu, í umræðum og verkefnum, framlag í hópvinnu, skil á heimavinnu og dagbókarskrif. Einnig mætti nota sjálfsmat sem lið í heildarmati á frammistöðu og framförum.

Að öðru leyti vísast til kaflans um námskröfur og námsmat í handbók kennara, bls. 20–22.

GÁTLISTI

1.

NÁMSEINING

Gátlisti

Nú þegar nemendur þínir hafa lokið við fyrstu námseiningu gætir þú notað þennan gátlista til að kanna hve vel þeim hefur tekist að ná markmiðum einingarinnar.

Hver nemandi ætti að geta:

- Lýst því sem þetta námsefni fjallar um.
- Lýst umhverfi og aðstæðum sem þarf til að fólki líði vel og geti tjáð sig óhikað.
- Lagt sitt af mörkum við að koma á og virða grundvallarreglur um hegðun og samskipti í kennslustofunni.
- Lýst muninum á athugasemdum og gerðum sem gera lítið úr fólki og þeim sem byggja það upp.
- Útskýrt áhrif uppbyggilegra og niðurlægjandi athugasemda á andrúmsloftið í skólastofunni.
- Notað uppbyggjandi athugasemdir og forðast niðurlægjandi athugasemdir um aðra.
- Greint fá einstökum persónueinkennum bekkjarfélaga.
- Vitað hvað ýmsir bekkjarfélagar eiga sameiginlegt.
- Sagt frá félagslegum, tilfinningalegum, vitsmunalegum og líkamlegum breytingum sem verða á unglingsárunum.
- Gert grein fyrir ýmsum spurningum og áhyggiuefnum nemenda á unglingsárum.
- Nefnt nokkur rök sem mæla með því að læra aðferðir til að takast á við breytingar unglingsáranna.

Athugasemdir

Nafn: _____

Markmið A:

Að gera sér grein fyrir hvað einkennir þægilegt andrúmsloft í kennslustofu.

1. Lestu listann hér fyrir neðan. Krossaðu í viðeigandi dálk til þess að gefa til kynna hvaða hegðun gerir kennslustofuna þína að þægilegum stað og hvað mundi gera andrúmsloftið óþægilegt.

	Þægilegt	Óþægilegt
a. Að segja einhverjum að þú hafir haft áhyggjur af því sama og veldur honum áhyggjum.		
b. Að litast um í stofunni á meðan þú bíður eftir því að einhver ljúki máli sínu.		
c. Að brosa til einhvers sem er eitthvað leiður.		
d. Að taka saman bækurnar þínar á meðan einhver er að útskýra eitthvað fyrir þér.		
e. Að segja einhverjum sem þú þekkir að þú kunnir betri aðferð til að gera það sem hann er að gera.		
f. Að leyfa einhverjum að segja þér hvernig honum líður.		
g. Að muna það sem einhver sagði þér daginn áður.		
h. Að hlusta meðan einhver segir hvers vegna bekkurinn ætti að vinna saman að tilteknu verkefni.		
i. Að fara ekki eftir grundvallarreglum.		

2. Skráðu þrjár af grundvallarreglunum sem bekkurinn setti sér. Skrifðu dæmi um það hvernig hægt væri að fylgja hverri reglu.

- a. Regla: _____
Hegðun: _____

- b. Regla: _____
Hegðun: _____

- c. Regla: _____
Hegðun: _____

Nafn: _____

Markmið B:

Að greina á milli uppörvandi og niðurlægjandi athugasemda.

1. Skrifaðu „U“ í eyðuna hjá þeim staðhæfingum sem eru uppörvandi og „N“ hjá þeim sem eru niðurlægjandi.

- _____ a. „Ég hélt þú værir betri en þetta eftir alla þessa æfingu.“
- _____ b. „Mér þykir leitt að þetta skyldi koma fyrir þig.“
- _____ c. „Þú ert ekki góður í þessu – eða hvað?“
- _____ d. „Það er engin ástæða til að gefast upp.“
- _____ e. „Þú gætir kannski fengið hærra einkunnir ef þú legðir harðar að þér við námið.“
- _____ f. „Það eru allir hættir að vera í svona bolum.“
- _____ g. „Mér hefur aldrei dottið í hug að það væri hægt að gera þetta svona.“
- _____ h. „Allir hinir eru búnir.“

2. Skrifaðu fjórar uppbyggjandi athugasemdir sem þú getur sagt við aðra.

- a. _____

- b. _____

- c. _____

- d. _____

Nafn: _____

Markmið C:

Að skilgreina áhugamál og einkenni sem eru sameiginleg með bekkjarfélögum og öðrum unglíngum.

1. Nefndu fjögur áhugamál eða einkenni sem þú átt sameiginleg með bekkjarfélögum þínum.

a. _____

b. _____

c. _____

d. _____

2. Nefndu þrjú áhugamál eða einkenni sem þú og bekkjarfélagar þínir eiga sameiginleg með öðrum á ykkar aldri.

a. _____

b. _____

c. _____

Nafn: _____

Markmið D:

Að gera sér grein fyrir líkamlegum, félagslegum, tilfinningalegum og vitsmunalegum einkennum unglingsáranna.

1. Merktu við hvort eftirfarandi staðhæfingar séu sannar (**S**) eða ósannar (**Ó**).

- _____ a. Unglingsárin eru mesta vaxtarskeið ævinnar að undanskilinni bernskunni.
- _____ b. Unglingar læra að hugsa á hlutbundinn hátt.
- _____ c. Unglingsárin eru tíminn milli bernsku og fullorðinsára.
- _____ d. Hárvöxtur á líkamanum eykst bæði hjá stelpum og stráku á unglingsárum.
- _____ e. Unglingar vaxa og þroskast mishratt.
- _____ f. Líkamlegar breytingar á unglingsárum hefjast við 13 ára aldur.
- _____ g. Á unglingsárum geta bæði strákar og stelpur getið börn.
- _____ h. Þegar unglingar eru 14 ára líta þeir út og haga sér eins og fullorðnir.

2. Nefndu **tvö** dæmi í hverjum flokki um breytingar sem verða á unglingsárum.

Líkamlegar

Félagslegar

Vitsmunalegar

Tilfinningalegar

Nafn: _____

Markmið E:

Að læra um aðferðir til að takast á við breytingar unglingsáranna.

1. Nefndu eitthvað tvennt sem þú getur gert til að:

a. Stuðla að góðum samskiptum við aðra.

1. _____

2. _____

b. Vera sátt(ur) við sjálfa(n) þig.

1. _____

2. _____

c. Skilja betur hugsanlegar tilfinningasveiflur þínar.

1. _____

2. _____

2. Segðu frá því sem þér finnst mest spennandi í sambandi við unglingsárin.

EININGARPRÓF

1.

NÁMSEINING

Gátlisti

Nú þegar nemendur þínir hafa lokið við aðra námseiningu gætir þú notað þennan gátlista til að kanna hve vel þeim hefur tekist að ná markmiðum einingarinnar.

Hver nemandi ætti að geta:

- Skilgreint sjálfstraust og lýst þremur þáttum þess.
- Sagt frá færni sinni, getu og velgengni á einhverjum sviðum.
- Útskýrt hvers vegna það að gera sér grein fyrir velgengni styrkir sjálfstraust.
- Borið saman hegðun sem sýnir hvort maður er að hlusta eða ekki.
- Gert sér grein fyrir hvernig fólk sýnir með orðum og án orða að það sé ekki að hlusta.
- Útskýrt hvernig það hefur áhrif á samskipti og sjálfstraust fólks þegar ekki er hlustað á það.
- Gert grein fyrir og gefið dæmi um þrjú lykilatriði góðrar hlustunar.
- Lagt mat á kosti góðrar hlustunar bæði fyrir þann sem talar og þann sem hlustar.
- Lýst því hvernig það að hjálpa öðrum byggir upp sjálfstraust.
- Borið saman hegðun sem einkennist af ábyrgð og ábyrgðarleysi.
- Greint hvernig fólk sem sýnir ábyrgð og er samvinnufúst í hópi hagar sér.
- Lýst því hvernig sjálfstraust getur haft áhrif á samskipti okkar við aðra.

Verkefni í sjálfboðavinnu

Hver nemandi ætti að geta:

- Tekið þátt í að velja verkefni í sjálfboðavinnu.
- Tekið þátt í að skipuleggja sjálfboðaverkefni, skilgreina markmið þess, ábyrgðarhlutverk og tímaáætlun.

Athugasemdir

Nafn: _____

Markmið A:

Að skilgreina sjálfstraust og lýsa þremur þáttum þess.

1. Gerðu grein fyrir þáttunum í „Þrifætta stól sjálfstraustsins“ og gefðu dæmi um hvern þeirra sem eiga við um þig.

Fyrsti fótur _____

- a. _____
b. _____

Annar fótur _____

- a. _____
b. _____

Þriðji fótur _____

- a. _____
b. _____

2. Dragðu hring utan um bókstafina við þær setningar sem lýsa fólki sem hefur gott sjálfstraust.

- a. Beinir athyglinni að jákvæðum eiginleikum sínum.
b. Ber sig saman við aðra.
c. Reynir að fá aðra til að vinna fyrir sig.
d. Tekur ábyrgð á mistökum sínum.
e. Lætur sér annt um heilsu sína.
f. Hugsar stöðugt um vandamál sín.
g. Vinnur að því að ná markmiðum sínum.

3. Segðu frá aðstæðum þar sem þú ert vanalega full(ur) sjálfstrausts. Það gæti til dæmis verið þegar þú ert á íþróttæfingu eða að vinna verkefni í uppáhaldsnámsgreininni þinni. Lýstu aðstæðunum og gefðu a.m.k. þrjár ástæður fyrir því að þú ert full(ur) sjálfstrausts við þessar aðstæður.

Nafn: _____

Markmið B:

Að greina á milli góðrar og slæmrar hlustunar.

1. Skrifaðu þrjú dæmi um hegðun „án orða“ sem sýna slæma hlustun.

- a. _____
- b. _____
- c. _____

2. Flokkaðu feitletruðu málsgreinarnar í hverju dæmi eftir því um hvaða einkenni slæmrar hlustunar er að ræða: 1. Ég líka, 2. Ráðlegging eða 3. Truflun. Skrifaðu réttan tölustaf fyrir framan hvert dæmi.

- _____ a. „Ég er svo kvíðin(n) út af ritgerðinni.“
„Ef þú heldur að þú sért kvíðin(n) ættirðu að sjá hvernig ég skelf á beinunum!“
- _____ b. „Ég held að ég hafi fallið á prófinu.“
„Þú ættir að læra betur fyrir næsta próf.“
- _____ c. „Pabbi og mamma leyfa mér ekki að fara út.“
„Það sama hefur komið fyrir mig.“
- _____ d. „Ég ætla að segja þér hvað kom fyrir mig í dag.“
„Fyrst verð ég að segja þér hvert ég fór í gærkvöldi.“
- _____ e. „Hundurinn minn er veikur.“
„Þú ættir að gefa honum sams konar hundamat og ég gef mínum hundi.“

Nafn: _____

Markmið C:

Að gera sér grein fyrir þremur meginþáttunum í góðri hlustun.

1. Skrifaðu „R“ (rétt) eða „ER“ (ekki rétt) í eyðurnar fyrir framan hverja staðhæfingu.

- _____ a. Góður hlustandi þarf ekki að vera sammála því sem viðmælandinn segir.
- _____ b. Góður hlustandi þegir alltaf.
- _____ c. Góður hlustandi segir aldrei sína eigin skoðun.
- _____ d. Góður hlustandi tekur aldrei augun af viðmælandanum.
- _____ e. Góður hlustandi segir viðmælanda sínum þegar sami hlutur henti hann, bara hálfu verri.
- _____ f. Góður hlustandi endurtekur með eigin orðum það sem viðmælandinn sagði.
- _____ g. Góður hlustandi getur gert annað, eins og t.d. heimavinnu, um leið og hann hlustar.

2. Pétur, vinur þinn, segir þér að fjölskyldan sé að flytja á næsta ári og að hann fari í nýjan skóla. „Ég kvíði svo fyrir því,“ segir hann. Nefndu þrjá lykila að góðri hlustun til að sýna að þú sért að hlusta á hann. Nefndu tvö dæmi um hvern lykil.

Lykill 1: _____

- 1. _____
- 2. _____

Lykill 2: _____

- 1. _____
- 2. _____

Lykill 3: _____

- 1. _____
- 2. _____

Nafn:**Markmið D:**

Að gera greinarmun á ábyrgri og óábyrgri hegðun.

1. Merktu „**Á**“ við þær staðhæfingar sem lýsa ábyrgð og „**Ó**“ við þær sem lýsa óábyrgri hegðun.

- _____ a. „Ég reyni yfirleitt að gera það sem félagar mínir vilja að ég geri.“
- _____ b. „Ég hafði ekki tíma til að læra undir prófið í gær vegna þess að vinir bróður míns komu í heimsókn.“
- _____ c. „Ég kem of seint í teitið vegna þess að ég lofaði frænku minni að koma við hjá henni.“
- _____ d. „Ég skal segja þér hvað Jón sagði ef þú lofar að segja engum. Hann sagði að þetta væri leyndarmál.“
- _____ e. „Fyrirgefðu að ég skyldi týna bókinni. Ég kem með peninga á morgun til að borga hana.“

2. Nefndu dæmi um óábyrga hegðun og hugsanlegar neikvæðar afleiðingar hennar.

Óábyrg hegðun: _____

Neikvæðar afleiðingar: _____

3. Nefndu dæmi um ábyrga hegðun við sömu aðstæður og jákvæðar afleiðingar hennar.

Ábyrg hegðun: _____

Jákvæðar afleiðingar: _____

Gátlisti

Nú þegar nemendur þínir hafa lokið við þriðju námseiningu gætir þú notað þennan gátlista til að kanna hve vel þeim hefur tekist að ná markmiðum einingarinnar.

Hver nemandi ætti að geta:

- Skilgreint hugtakið tilfinningar.
- Gert grein fyrir margvíslegum og ólíkum tilfinningum.
- Útskýrt hvers vegna það er eðlilegt að hafa margvíslegar tilfinningar.
- Gert sér grein fyrir hvernig ytri aðstæður og það sem gerist í lífinu getur haft áhrif á tilfinningar.
- Gert sér grein fyrir hvernig hreyfingar, raddblær og hegðun geta tjáð tilfinningar.
- Lýst því hvernig hugsanir hafa áhrif á tilfinningar og tilfinningar hafa áhrif á hegðun.
- Gert grein fyrir hvernig hægt er að beina neikvæðum hugsunum í jákvæðan farveg.
- Þjálfað sig í að bregðast á jákvæðan hátt við reynslu sem gæti sýnst neikvæð.
- Útskýrt hvers vegna það er mikilvægt að segja frá því hvernig manni líður.
- Æft sig í að nota ég-boð til að tjá sterkar tilfinningar eins og reiði eða vonbrigði á uppbyggilegan, jákvæðan hátt.
- Útskýrt hvernig það getur haft áhrif á líkama okkar að geta stjórnað tilfinningum okkar.
- Lýst jákvæðum og neikvæðum aðferðum til að bregðast við reiði.
- Nefnt jákvæðar aðferðir til að róa sig niður og hafa stjórn á reiði.
- Útskýrt hvers vegna er mikilvægt að taka á tilfinningum sínum á uppbyggilegan hátt.

Athugasemdir

GÁTLISTI

3.

NÁMSEINING

Nafn: _____

Markmið A:

Að gera sér grein fyrir margvíslegum og ólíkum tilfinningum.

1. Merktu „S“ við sannar staðhæfingar og „Ó“ við ósannar.

- _____ a. Tilfinningasveiflur eru óalgengar meðal unglunga.
- _____ b. Sumt fólk hefur engar tilfinningar.
- _____ c. Flestir unglingar upplifa margvíslegar tilfinningar.
- _____ d. Stundum getur þú fundið fyrir tilfinningu sem enginn hefur fundið fyrir áður.
- _____ e. Að stappa niður fæti getur þýtt tjáningu tilfinninga án orða.
- _____ f. Það sem við sjáum, heyrum og hugsum hefur áhrif á tilfinningar okkar.
- _____ g. Besta leiðin til að kljást við ákafar tilfinningar er að reyna að gleyma þeim.
- _____ h. Flestir upplifa sömu tilfinningar við sömu aðstæður.

2. Veldu tvo af eftirfarandi flokkum: Glæður/glöð, hrædd(ur), reið(ur) eða leið(ur). Skrifaðu síðan fimm mismunandi orð yfir tilfinningar í hverjum flokki.

Flokkur: _____ Flokkur: _____

1. _____ 1. _____

2. _____ 2. _____

3. _____ 3. _____

4. _____ 4. _____

5. _____ 5. _____

3. Veldu þá endingu sem passar best við fyrri hluta málsgreinanna.
Skrifaðu númerið í eyðuna.


- _____ a. Tilfinningar annarra gagnvart skólanum
1. eru mikilvægari en þínar
 2. eru ekki eins mikilvægar og þínar
 3. eru svipaðar og þínar
 4. geta verið ólíkar þínum
- _____ b. Flestir unglingar
1. þurfa ekki að hafa stjórn á tilfinningum sínum
 2. upplifa mjög margvíslegar tilfinningar
 3. myndu bregðast á sama hátt við sömu aðstæðum
 4. upplifa ekki sterkar tilfinningar
- _____ c. Tilfinningar
1. er hægt að loka úti með því að beina athyglinni annað
 2. eru viðráðanlegri ef við sýnum þær ekki
 3. eru ekki sannar nema tveimur einstaklingum líði eins
 4. eru aldrei eins frá einum einstaklingi til annars
- _____ d. Ef þú upplifir sjálf(ur) sterka tilfinningu
1. þarftu ekki að virða tilfinningar annarra
 2. hlýtur öðrum í kringum þig að líða eins
 3. er best að tjá hana án orða
 4. er hjálplegt að reyna að skilja hvers vegna þér líður þannig

Nafn: _____


Markmið B:

Að gera sér grein fyrir hvernig aðstæður, orð okkar og gerðir geta haft áhrif á tilfinningar.

1. Dragðu hring utan um bókstafinn fyrir framan málsgreinarnar sem fara í jákvæðu fötuna
 - a. „Viltu sitja hjá mér?“
 - b. „Þú myndir kannski ekki vera svona sein(n) með alla hluti ef þú skipulegðir þig betur.“
 - c. „Þú getur ekki verið með í leiknum. Reglurnar eru of flóknar fyrir þig.“
 - d. „Viltu hjálpa mér með þetta dæmi? Ég held þú skiljir það betur en ég.“
 - e. „Ég vona að þú hafir lært undir prófið að þessu sinni.“
 - f. „Viltu sýna mér hvernig þú gerðir þetta.“



Jákvæð fata



Neikvæð fata

2. Útskýrðu hvers vegna málsgreinarnar sem þú dróst ekki hring utan um fara í neikvæðu fötuna.

3. Skriðu eina jákvæða staðhæfingu eða athöfn og útskýrðu hvernig hún gæti haft áhrif á tilfinningar hins aðilans. Farðu eins að með neikvæða staðhæfingu eða athöfn.

a. Jákvæð staðhæfing eða athöfn: _____

Möguleg áhrif: _____

b. Neikvæð staðhæfing eða athöfn: _____

Möguleg áhrif: _____

Nafn: _____

Markmið C:

Að finna leiðir til að breyta neikvæðum hugsunum og tilfinningum í jákvæð viðfangsefni.

1. **Aðstæður:** Besti vinur þinn er ævareiður út í þig.

Niður

Hugsun: Hann talar aldrei aftur við mig.

Tilfinning: Ég er miður mín því að hann vill ekkert með mig hafa núna.

Athöfn: Ég forðast hann.

Upp

Hugsun: _____

Tilfinning: _____

Athöfn: _____

2. **Aðstæður:** Þú kemst ekki í bíó vegna þess að foreldrar þínir mega ekki vera að því að skutla þér.

Niður

Hugsun: Það er aldrei neitt gaman hjá mér.

Tilfinning: Ég er hundfúl og reið.

Athöfn: Ég ætla að setja græjurnar í botn bara til að svekkja þau.

Upp

Hugsun: _____

Tilfinning: _____

Athöfn: _____

Nafn: _____

Markmið D:

Að finna leiðir til að nota ég-boð til að tjá ákafar tilfinningar á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

1. Skrifaðu ég-boð sem hjálpa þér að tjá tilfinningar þínar með jákvæðum hætti við eftirfarandi aðstæður.

- a. Þú hefur lagt þig fram við að leysa heimaverkefni en svo segir bekkjarfélagi þinn að þú hljótir að vera eitthvað treg(ur) því að það hafi ekki tekið hann nema eina klukkustund að ljúka við það.

Í stað þess að segja við bekkjarfélagann: „Þú ert svo mikill asni að þú hefur líklega gert þetta allt vitlaust!“ segir þú:

„Þegar þú _____

þá _____

vegna þess að _____

- b. Yngri systir þín fékk lánaðan uppáhaldsgeisladiskinn þinn og skildi hann eftir heima hjá vinkonu sinni.

Í stað þess að segja við hana: „Þú ert svo óþolandi! Þú færð aldrei neitt lánað hjá mér framar.“

segir þú: _____

2. Ljúktu við málsgreinarnar:

- a. Ég-boð eru gagnleg vegna þess að _____

- b. Tvenn árangurslaus viðbrögð við vandamáli eða ágreiningi eru:

Nafn: _____

Markmið E:

Að gera sér grein fyrir jákvæðum og neikvæðum viðbrögðum við reiði.

1. Foreldrar þínir vilja ekki leyfa þér að sofa í tjaldi úti í garði hjá vini þínum.

Nefndu þrjú hugsanleg jákvæð og þrjú hugsanleg neikvæð viðbrögð við þessum aðstæðum.

Jákvæð

Neikvæð

- | | |
|-------------------|-------------------|
| 1. _____
_____ | 1. _____
_____ |
| 2. _____
_____ | 2. _____
_____ |
| 3. _____
_____ | 3. _____
_____ |

2. Nefndu dæmi um hvernig hægt er að fá útrás fyrir innibygðða reiði á uppbyggilegan hátt.

Annars vegar með öðrum og hins vegar ein(n) þíns liðs. Gefðu þrjú dæmi um hvort.

Með öðrum

Ein(n) þíns liðs

- | | |
|-------------------|-------------------|
| 1. _____
_____ | 1. _____
_____ |
| 2. _____
_____ | 2. _____
_____ |
| 3. _____
_____ | 3. _____
_____ |

Gátlisti

Nú þegar nemendur þínir hafa lokið við fjórðu námseiningu gætir þú notað þennan gátlista til að kanna hve vel þeim hefur tekist að ná markmiðum einingarinnar.

Hver nemandi ætti að geta:

- Greint á milli vinar og „ekki vinar“.
- Gert grein fyrir því sem felst í vináttu og hvað þarf að leggja af mörkum til hennar.
- Lýst og æft leiðir til að stofna til vináttu.
- Greint ástæður þess að fólk verður vinir.
- Greint á milli vináttu á jákvæðum og neikvæðum grundvelli.
- Gert sér grein fyrir leiðum til að takast á við neikvætt samband við jafnaldra.
- Greint neikvæðan þrýsting frá jafnöldrum.
- Þekkt og æft leiðir til að standast neikvæðan hópþrýsting.
- Sýnt hvernig ákveðni og staðfesta getur hjálpað til við að standast hópþrýsting.
- Skilgreint hugtakið innri þrýstingur.
- Greint aðstæður þar sem neikvæður innri þrýstingur kemur við sögu.
- Þekkt og æft leiðir til að standast innri neikvæðan þrýsting.
- Notað jákvæðan innri þrýsting til að hvetja sjálfan sig.
- Æft og notað þriggja skrefa aðferðina S-V-ÖR til að standast neikvæðan hópþrýsting.
- Lýst LEYSUM-ferlinu til að leysa ágreining.
- Æft sig í að beita LEYSUM-ferlinu við að jafna ágreining.
- Gert sér grein fyrir hvers vegna vinátta breytist og lært leiðir til að bregðast við vinamissi.

Athugasemdir

Nafn: _____

Markmið A:

Að gera sér grein fyrir eðli vináttu.

1. Nefndu tvo eiginleika góðs vinar sem þér finnst mikilvægir og segðu hvers vegna þér finnst hvor um sig mikilvægur.

Eiginleiki nr. 1: _____

Eiginleikinn er mikilvægur vegna þess að _____

Eiginleiki nr. 2: _____

Eiginleikinn er mikilvægur vegna þess að _____

2. Hvers vegna er vinátta mikilvæg í þínum augum? Gerðu grein fyrir a.m.k. þremur ástæðum.

Nafn: _____

Markmið B:

Að finna leiðir til að stofna til vináttu.

1. Jóhanna er ný í bekknum. Nefndu fjórar leiðir sem bekkjarfélagarnir gætu farið til að láta hana finna að hún tilheyri hópnum.

a. _____

b. _____

c. _____

d. _____

2. Nefndu fimm eiginleika sem gera mann að góðum vini.

a. _____

b. _____

c. _____

d. _____

e. _____

Nafn: _____

Markmið C:

Að skilgreina jákvæð og neikvæð vináttusambönd og finna aðferðir til að þróa jákvæða vináttu.

1. Lestu eftirfarandi dæmi um vináttu og merktu „J“ við þau sem lýsa jákvæðri vináttu og „N“ við þau sem lýsa neikvæðri vináttu.

- _____ a. Helga og Eva hafa báðar brennandi áhuga á taflmennsku og eru mikið saman að tefla.
- _____ b. Einar og Þorgrímur æfa körfu með sama liðinu og eru góðir vinir þó þeir séu ekki í sama skóla.
- _____ c. Ari og Hrannar eiga heima í sama húsi. Ari fær Hrannar oft í lið með sér til að stela í búðum og lætur þá Hrannar standa á verði.
- _____ d. Ragnheiður og Lóa eru vinkonur. Lóa þolir ekki eina stelpu í skólanum og fær Ragnheiði í lið með sér til að stríða henni með því að fela skóna hennar, rífa af henni húfuna o.fl. Ragnheiður þorir ekki annað en að vera með því Lóa hefur hótad því að ella hætti hún að vera vinkona hennar.
- _____ e. Finnur og Jón kynntust nýlega. Jón er samviskusamur og vill standa sig vel í skólanum. En Finnur hefur lítinn áhuga á skólanum og reynir oft að fá Jón með sér í alls konar stúss og hlustar ekki á þegar Jón segist ekki komast því hann eigi eftir að læra.

2. Hvað einkennir jákvæða vináttu? Nefndu a.m.k. tvö atriði.

3. Nefndu þrjár leiðir til að losna úr eða breyta neikvæðu vináttusambandi.

Nafn: _____

Markmið D:

Að gera sér grein fyrir neikvæðum hópþrýstingi og lýsa þriggja skrefa aðferð til að standast neikvæðan þrýsting.

1. Dragðu hring utan um rétta skilgreiningu á hugtakinu neikvæður hópþrýstingur.
 - a. Þegar hópur fólks er neikvæður gagnvart öðrum hópi fólks.
 - b. Þegar neikvæður hópur ákveður að standa saman.
 - c. Þegar einstaklingar í hópi beita sterkum áhrifum til þess að fá hina í hópnum til að gera eitthvað neikvætt.
2. Þú og nokkrir vinir þínir eruð heima hjá þér. Einhver þeirra stingur upp á því að taka línuskauta systur þinnar án þess að spyrja hana um leyfi til að skiptast á að prófa. Hvernig getur þú tekið á málinu með því að nota ferlið S-V-ÖR?

S = _____

V = _____

ÖR = _____

3. Athugaðu lið númer tvö. Nefndu tvo jákvæða kosti í stað þess að taka línuskautana án þess að biðja um leyfi.

a. _____

b. _____

Nafn: _____

Markmið E:

Að gera sér grein fyrir hvernig staðfesta eða ákveðni getur hjálpað til við að standast hópprýsting.

1. Segjum sem svo að einhver sem þú þekkir vilji fá þig með sér til að stela nammi úti í búð. Skrifðu dæmi um viðbrögð sem lýsa annars vegar árásargirni og hins vegar staðfestu eða ákveðni.

a. Árásargirni _____

b. Ákveðni/staðfesta _____

2. Nefndu a.m.k. tvær ástæður þess að ákveðni er vanalega besta leiðin við svona aðstæður.

a. _____

b. _____

Nafn: _____

Markmið F:

Að gera sér grein fyrir aðstæðum sem gætu valdið „innri þrýstingi“ og með hvaða ráðum hægt er að standast slíkan þrýsting.

1. Lýstu aðstæðum þar sem þú eða einhver á svipuðum aldri gæti fundið fyrir neikvæðum innri þrýstingi. Skrifðu tvö dæmi um það sem þú segðir við sjálfa(n) þig við þessar aðstæður. Skrifðu síðan tvö dæmi um jákvæðan innri þrýsting sem hjálpaði þér til að yfirvinna neikvæða þrýstinginn.

Aðstæður: _____

Neikvæður innri þrýstingur

1. dæmi _____

2. dæmi _____

Jákvæður innri þrýstingur

1. dæmi _____

2. dæmi _____

2. Innri þrýstingur getur líka falist í nokkurs konar sjálfshvatningu. Nefndu þrjú dæmi um hvað þú gætir sagt við sjálfa(n) þig til að hvetja þig.

a. _____

b. _____

c. _____

Nafn: _____

Markmið G:

Að lýsa sex skrefa aðferðinni til að leysa vandamál.

1. Nefndu þrjú síðustu skrefin í sex skrefa aðferðinni, LEYSUM, til að leysa vandamál.

1. skref: Lýstu vandamálinu eins og þú sérð það.
2. skref: Eru aðrar hliðar á vandamálinu? Ræðið þær.
3. skref: Yfirlit yfir mögulegar lausnir. Vinnið það saman.

4. skref: _____

5. skref: _____

6. skref: _____

2. Lýstu því hvernig Siggi og Maggi gætu notað skrefin sex til að leysa eftirfarandi vandamál.

Siggi eyddi peningum sem hann hafði unnið sér inn með því að bera út blöð til að kaupa miða á tónleika með uppáhaldshljómsveitinni sinni. Hann ætlaði með Magga en kvöldið sem tónleikarnir áttu að vera segist Maggi ætla í bíó með öðrum.

1. skref: Lýstu vandamálinu eins og þú sérð það.

Siggi: _____

Maggi: _____

2. skref: Eru aðrar hliðar á málinu. Ræðið þær.

Siggi: _____

Maggi : _____

3. skref: Yfirlit yfir mögulegar lausnir. Vinnið það saman.

a. _____

b. _____

c. _____

d. _____

4. skref: (Notaðu skrefið sem þú nefndir í svari við 1. spurningu.) Nefndu tvo kosti sem koma ekki til greina fyrir Sigga eða Magga.

a. _____

b. _____

5. skref: (Notaðu skrefið sem þú nefndir í svari við 1. spurningu.)

6. skref: (Notaðu skrefið sem þú nefndir í svari við 1. spurningu.)

Gátlisti

Nú þegar nemendur þínir hafa lokið við fimmtu námseiningu gætir þú notað þennan gátlista til að kanna hve vel þeim hefur tekist að ná markmiðum einingarinnar.

Hver nemandi ætti að geta:

- Skilgreint hugtakið fjölskylda.
- Gert grein fyrir því hvernig fjölskyldur fullnægja mikilvægum þörfum manna.
- Gert sér grein fyrir mismunandi fjölskyldugerðum.
- Gert sér grein fyrir að hans fjölskylda er einstök og mikilvæg.
- Greint færni sem hann hefur lært í námsefninu og nýst gæti heima eða annars staðar.
- Lýst leiðum til að nota færnina utan skóla, sérstaklega heima við.
- Gert grein fyrir dæmigerðum vandamálum sem fjölskyldur glíma við og lýst jákvæðum aðferðum við að taka á þeim.
- Nefnt hvað fjölskyldur geta gert til að eiga jákvæðar og góðar samverustundir.

Athugasemdir

GÁTLISTI

5.

NÁMSGAGNING

Nafn: _____

Markmið A:

Að gera sér grein fyrir mismunandi fjölskyldugerðum og hvernig fjölskyldan fullnægir grundvallarþörfum.

1. Fylltu í eyðurnar með réttum orðum úr listanum hér fyrir neðan.

lífshættir	stærri	ættleiðing
kjarnafjölskylda	skilnaðar	ættlingjar
samsettar	foreldri	frjáls
auður	sjálfsekska	peningar
vinir	umhverfi	minni

Áður fyrr voru fjölskyldur miklu _____ en þær eru nú á dögum. Foreldrar, börn og aðrir ættingjar af öðrum kynslóðum bjuggu í nábýli. Oft voru það aðrir en foreldrarnir sem önnuðust börnin. Þegar _____ fólks breyttust og bændasamfélagið á Íslandi breyttist með aukinni þéttbýlismyndun breyttist um leið fjölskyldugerðin. Það myndaðist það sem nú er kallað _____. Það er þegar börn og foreldrar þeirra mynda fjölskyldu en aðrir nánir _____ búa annars staðar. Enn fleiri breytingar hafa orðið á fjölskyldugerðum. Mörg börn búa nú aðeins hjá öðru foreldri sínu, oft vegna _____. Nú á tímum eru _____ fjölskyldur algengar en það eru fjölskyldur þar sem foreldrar sem hafa báðir skilið ala upp börnin sín sem eina fjölskyldu. Þá er _____ barna annað atriði sem sett hefur svip á fjölskyldugerðir nú á dögum. En hver sem gerð fjölskyldunnar er fullnægir hún grundvallarþörfum.

2. Nefndu fimm þarfir sem flestar fjölskyldur uppfylla.

a. _____

b. _____

c. _____

d. _____

e. _____

Nafn: _____

Markmið B:

Að gera sér grein fyrir þeirri færni sem kennd er í námsefninu og nýst gæti heima eða annars staðar.

1. Nefndu þrenns konar færni sem þú hefur lært og notað einhvers staðar utan kennslustofunnar.

a. Færni _____

Hvar og hvernig ég notaði hana. _____

b. Færni _____

Hvar og hvernig ég notaði hana. _____

c. Færni _____

Hvar og hvernig ég notaði hana. _____

2. Búðu til orðavef yfir tvo aðra færniþætti sem þú hefur lært og gerðu grein fyrir hvar og hvernig þeir gætu komið að notum.

Gátlisti

Nú þegar nemendur þínir hafa lokið við sjöttu námseiningu gætir þú notað þennan gátlista til að kanna hve vel þeim hefur tekist að ná markmiðum einingarinnar.

Hver nemandi ætti að geta:

- Gert grein fyrir því hvernig gildismat hefur áhrif á ákvarðanir.
- Greint áhrifavalda sem mynda grunn að lífsgildum.
- Sagt hverjar fimm grundvallarþarfir mannsins eru og nefnt dæmi um hverja.
- Skilið sambandið á milli þarfa og þess sem maður velur og ákveður.
- Gert grein fyrir þremur mikilvægum þáttum í gagnrýninni hugsun.
- Beitt færni í gagnrýninni hugsun við lausn ýmissa viðfangsefna.
- Útskýrt hvað felst í því að taka áhættu og greint á milli jákvæðra og neikvæðra dæma um áhættu.
- Beitt gagnrýninni hugsun við að greina afleiðingar þegar teknar eru ákvarðanir sem geta falið í sér áhættu.
- Lýst fimm grundvallarskrefum við að taka ákvarðanir.
- Æft sig í að nota skrefin við að taka ákvarðanir.
- Lýst því hvernig neysla áfengis er hættuleg heilsu manna og þá sérstaklega fyrir unglunga.
- Gert grein fyrir félagslegum, tilfinningalegum og lagalegum ástæðum þess að unglingar ættu ekki að nota áfengi.
- Lýst áhrifum áfengis á líkamann, á hegðun og á fóstur í móðurkviði.
- Skilgreint hugtökin fíkn, áfengisfíkn, misnotkun áfengis og bindindi.
- Gert grein fyrir áhrifum áfengisfíknar og misnotkunar áfengis á einstaklinga, fjölskyldur og þjóðfélagið.
- Vitað hvert má leita þegar vandi steðjar að.
- Greint frá áhrifum og afleiðingum af notkun tóbaks og nefnt ástæður fyrir því að fólk reykir ekki.
- Greint frá staðreyndum um áhrif og skaðsemi hass og annarra kannabisefna.
- Greint frá upplýsingum um áhrif og skaðsemi ýmissa ávana- og fíkniefna.
- Gert sér grein fyrir þeirri áhættu sem felst í misnotkun og notkun vímugjafa.
- Tekið skref í átt að eigin skoðun og ákvörðun varðandi vímuefnaneyslu.
- Beitt gagnrýninni hugsun við að meta upplýsingar og staðreyndir um tóbak, áfengi og önnur ávana- og fíkniefni.
- Beitt færni í gagnrýninni hugsun til að meta hvernig neysla áfengis, tóbaks og annarra ávana- og fíkniefna er sýnd í sjónvarpi.
- Lýst ýmsum aðferðum til að móta eigin framkvæmdaáætlun um heilbriggt líf og að verða enn betri.
- Beitt þriggja skrefa aðferðinni S-V-ÖR til að æfa sig í að hafna neyslu áfengis og annarra vímuefna.
- Velt fyrir sér hvötum og ástæðum fyrir því að maðurinn ánetjast fíkniefnum þrátt fyrir betri vitund.

Verkefni í sjálfböðavinnu

Hver nemandi ætti að:

- Hafa lokið skyldustörfum sínum í tengslum við sjálfböðaverkefnið.
- Geta metið árangurinn af verkefninu.

Nafn: _____

Markmið A:

Að greina hvað hefur áhrif á lífsgildi okkar og hvernig gildismat hefur áhrif á ákvarðanir.

1. Nefndu dæmi um ytri og innri áhrif sem móta lífsgildi okkar, tvö dæmi um hvort.

Innri a. _____ Ytri a. _____

b. _____ b. _____

2. Veldu fjögur lífsgildi úr listanum hér fyrir neðan. Nefndu dæmi um hvernig hvert gildi gæti haft áhrif á ákvarðanir þínar.

Að vera heilbrigð(ur)

Að hafa gaman af tónlist

Heiðarleiki

Jafnrétti

Að líta vel út

Að sýna ábyrgð

Umburðarlyndi

Að vera umhverfisvæn(n)

Samúð með öðrum

Að standa sig vel í skóla

Að vera vingjarnleg(ur)

Að vera hamingjusöm/-samur

Lífsgildi nr. 1: _____

Dæmi: _____

Lífsgildi nr. 2: _____

Dæmi: _____

Lífsgildi nr. 3: _____

Dæmi: _____

Lífsgildi nr. 4: _____

Dæmi: _____

Nafn: _____

Markmið B:

Að skilja samhengið á milli þarfa og þess að velja og taka ákvörðun.

1. Lestu setningarnar hér fyrir neðan og skrifaðu „P“ við þær sem lýsa þörf og „L“ við þær sem lýsa löngun.

- _____ a. Ég verð að fá mér að borða, ég er glorsoltinn.
